

Íslenska stærðfræðafélagið

SKÝRSLA STJÓRNAR FYRIR ÁRIÐ 2014

Lögð fram á aðalfundi fimmtudaginn 11. júní 2015

Aðalfundur og stjórn

Síðasti aðalfundur var haldinn 21. febrúar 2014. Aron Lagerberg, Hennig Örn Úlfarsson, Reynir Axelsson og Úlfar Stefánsson viku úr stjórn, en í þeirra stað voru kosin Bjarnheiður Kristinsdóttir, Jón Ingólfur Magnússon, Ragnar Sigurðsson og Sigurður Freyr Marinósson.

Í stjórn félagsins árið 2014 voru Jón Ingólfur Magnússon formaður, Óskar Hafnfjörð Auðunsson féhirðir, Ragnar Sigurðsson ritari, Bjarnheiður Kristinsdóttir og Sigurður Freyr Marinósson meðstjórnendur.

Ákveðið var að félagsgjöld héldust óbreytt 3000 kr en 1500 fyrir eldri borgara. Ólafur Ísleifsson var endurkjörinn skoðunarmaður reikninga og Kristín Halla Jónsdóttir til vara.

Á fundinum var samþykkt að fjórir nýir félagar gengju í félagið og eru félagar þess nú alls 263.

Fundir á árinu

Frá síðasta aðalfundi hafa verið haldnir 7 fundir:

Fundur 10. apríl 2014.

Fyrirlesari: Birgir Hrafnkelsson

Efni: *Samanburður á Bayesískri tölfræði og klassískri tölfræði*

Fundargestir: 30

Fundur 23. september 2014.

Hér var ekki um hefðbundinn fund að ræða heldur fjölsótt málþing um skýrslu um stærðfræðikennslu í framhaldsskólum, sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið hafði látið gera og birst hafði skömmu áður. Málþingið var haldið í höfuðstöðvum Arion-banka, sem léði endurgjaldslaust glæsilegan sal fyrir samkomuna. Dagskráin var sem hér segir:

1. Ávarp aðstoðarmanns Illuga Gunnarssonar, menntamálaráðherra.
2. Sverrir Örn Þorvaldsson: Mikilvægi stærðfræði fyrir samfélagið.
3. Rögnvaldur Möller: Molar úr úttekt
4. Helga Björnsdóttir: Hugsað upp á nýtt.
5. Ingólfur Gíslason: Viðbrögð við skýrslunni - sjónarhorn kennara.
6. Pallborðsumræður

Fundur 30. október 2014.

Fyrirlesari: Robert J. Magnus

Efni: *Díófantískar nálganir*

Fundargestir: 17

Fundur 27. nóvemeber 2014.

Fyrirlesari: Óli Páll Geirsson

Efni: *Stigskipt Bayesísk tölfræðilíkön og hagnýting*

Fundargestir: 18

Jólafundur 27. desemeber 2014.

Fyrirlesari: Reynir Axelsson

Efni: $0, 1, 2, 3, \dots$ *o.s.frv.*

Fundargestir: 31

Fundur 19. febrúar 2015.

Fyrirlesari: Sigurður Örn Stefánsson

Efni: *Dæmigerð slétta*

Fundargestir: 17

Fundur 23. apríl 2015.

Fyrirlesari: Finnur Lárusson

Efni: *Sveigjanleiki og stjarfi í fagaðri rúmfræði* (Fluttur á ensku)

Fundargestir: 25

Vefur félagsins og félagsmiðlar

Á vef félagsins www.stae.is/isf er að finna allar helstu upplýsingar um starfsemi félagsins, svo sem fundi, ráðstefnur, útgáfustarfsemi, stærðfræðikeppnir og vefútgáfu orðaskrárinnar. Hefur Bjarnheiður Kristinsdóttir haft veg og vanda af að halda honum við.

Jafnframt heldur félagið úti póstlista (*Póstlisti Íslenska stærðfræðafélagsins* á groups.google.com), síðu á snjaldurskinnu (facebook.com/IslenkaStaerdfraedafelagid) og Twitter-síðu (twitter.com/isstaef). Á þessum miðlum eru auglýstir fundir og aðrir viðburðir á vegum félagsins.

Fjármál

Fjárhagsleg staða félagsins er alltraust í lok tímabilsins með eignir upp á 1.280 þús kr. Tekjur af félagsgjöldum voru alls 514.500 kr. (Sjá meðfylgjandi gögn.)

Bókaverðlaun á stúdentsprófi

Líkt og áður verðlaunaði Íslenska stærðfræðafélagið nýstúdenta fyrir framúrskarandi árangur í stærðfræði á stúdentsprófi. Verðlaunin voru bókin *Síðasta setning Fermats* eftir Simon Singh. Verðlaunahafar vorið 2014 voru alls 25 og jólin 2014 voru þeir alls 8. Vorið 2015 voru verðlaunahafar alls 18.

Nánari upplýsingar um verðlaunahafana er að finna á heimasíðu félagsins stae.is/isf.

Stærðfræðikeppnir

Framkvæmdanefnd Stærðfræðikeppni framhaldsskólanema skipa nú þau Auðun Sæmundsson, Bjarnheiður Kristinsdóttir, Friðrik Diego, Frosti Pétursson, Gunnar Freyr Stefánsson, Jóhanna Eggertsdóttir og Marteinn Þór Harðarson. Nefndin fundar að jafnaði einu sinni í viku; semur keppnisdæmi og heldur utan um þjálfun og annað skipulag tengt innlendum sem erlendum stærðfræðikeppnum.

Ísland var umsjónaraðili Norrænu stærðfræðikeppninnar vorið 2014. Guðbjörn Freyr Jónsson bar hitann og þungann af undirbúningnum en honum voru innan handar þau Frosti Pétursson, Ragnheiður Helga Haraldsdóttir og Benedikt Steinar Magnússon. Keppnin fór fram þann 31. mars 2014 og tóku 76 keppendur þátt. Annar tveggja sigurvegara var Sigurður Jens Albertsson, nemandi við MR. Sigurður Jens og Norðmaðurinn Johan S. Wind urðu efstir með 16 stig af 20 mögulegum og á hæla þeirra fylgdi Lisa Lokteva frá Svíþjóð með 15 stig. Þetta var í fjórða skipti sem Íslendingur var í fyrsta sæti í Norrænu stærðfræðikeppninni en áður höfðu Marteinn Þór Harðarson árið 1999, Bjarni V. Halldórsson árið 1993 og Geir Agnarsson árið 1987 náð þessum árangri.

Ólympíulið Íslands í stærðfræði sumarið 2014 skipuðu þeir Dagur Tómas Ásgeirsson, Garðar Andri Sigurðsson, Hjalti Þór Ísleifsson, Kristján Andri Gunnarsson og Sigurður Jens Albertsson úr MR og Jóhann Ólafur Sveinbjarnarson úr MA. Þeir fóru til Höfðaborgar í Suður-Afríku með Jóhönnu Eggertsdóttur fararstjóra. Marteinn Þór Harðarson var dómnefndarfulltrúi fyrir Íslands hönd. Alls tóku 560 nemendur frá 101 landi þátt í keppninni. Á úrslitakvöldinu þann 11. júlí voru afhent 49 gullverðlaun, 113 silfurverðlaun, 133 bronsverðlaun og 151 heiðursviðurkenning. Sigurður Jens Albertsson landaði bronsverðlaunum í keppninni og er tíundi Íslendingurinn til að ávinna sér þann heiður síðan árið 1985 þegar Íslendingar hófu að senda lið til keppni. Auk þess fékk Hjalti Þór Ísleifsson heiðursviðurkenningu fyrir að klára eitt dæmanna fullkomlega.

Forkeppni stærðfræðikeppni framhaldsskólanema fór fram þann 7. október 2014 og voru þátttakendur 165 á neðra stigi og 149 á efra stigi frá alls 18 skól-

um. Efstu nemendur á báðum stigum, alls um 45 nemendur fengu þátttökurétt í lokakeppninni. Efstir á neðra stigi urðu Guðjón Helgi Auðunsson MR, Pétur Hrafn Friðriksson Flensborgarskólanum og Alexey Makeev Tækniskólanum. Efstir á efra stigi voru ólympíuliðsfélagarnir Sigurður Jens Albertsson, Hjalti Þór Ísleifsson og Jóhann Ólafur Sveinbjarnarson.

Lið Íslands í Eyrstrasaltskeppninni í Vilníus í Litháen 6.-10. nóvember skipuðu þeir Sigurður Jens Albertsson, Hjalti Þór Ísleifsson, Jóhann Ólafur Sveinbjarnarson, Garðar Andri Sigurðsson og Guðjón Helgi Auðunsson. Fararstjórar og þjálfarar voru Marteinn Þór Harðarson og Pawel Bartoszek. Lið Íslands hafnaði í 7. sæti en efstir voru Rússar með 86 stig.

Lokakeppni stærðfræðikeppni framhaldsskólanema veturinn 2014–2015 var haldin laugardaginn 7. mars. Til keppni mættu þrjátíu og tveir nemendur, og fór svo að Garðar Andri Sigurðsson og Sigurður Jens Albertsson voru hnífjafnir að stigum með fullt hús stiga. Í þriðja sæti með 50 stig af 60 var Dagur Tómas Ásgeirsson MR, og í 4. sæti með 49 stig var Hjalti Þór Ísleifsson.

Þeim 17 efstu í lokakeppninni var boðin þátttaka í Norrænu stærðfræðikeppninni fyrir Íslands hönd. Alls tóku 86 keppendur af öllum Norðurlöndunum þátt í þeirri keppni. Að þessu sinni fengu 6 nemendur fullt hús stiga, 28 stig af 28 mögulegum stigum. Það voru þrír Svíar, einn Dani og tveir Íslendingar, þeir Garðar Andri Sigurðsson og Sigurður Jens Albertsson. Þetta var þá í fimmta sinn sem Íslendingar voru í fyrsta sæti.

Ólympíulið Íslands í stærðfræði sumarið 2015 skipa þeir Atli Fannar Franklín úr MA, Dagur Tómas Ásgeirsson, Elvar Wang Atlason, Garðar Andri Sigurðsson og Hjalti Þór Ísleifsson úr MR, og Jóhann Ólafur Sveinbjarnarson úr MA. Þeir æfa nú stíft fyrir keppni í Chiang-Mai í Tælandi í sumar og munu m.a. taka þátt í æfingabúðum í Danmörku skömmu fyrir keppnina í júlí.

Félagatal og umsóknir um aðild

Eins og áður er getið eru alls 263 félagar í Íslenska stærðfræðafélaginu. Frá síðasta aðalfundi hafa 8 sótt um aðild að félaginu og mælir stjórnin með því að aðalfundur samþykki inngöngu þeirra í félagið:

Bjarni Jens Kristinsson, B.S. í stærðfræði frá H.Í.

Eiríkur Þór Ágústsson, B.S. í stærðfræði og M.S. í rafmagnsverkfræði frá ETH (Zürich).

Elisabet Kemp Stefánsdóttir B.S. í stærðfræði frá H.Í. og M.S. í hagfræði frá H.Í.

Friðrik Bragi Dýrfjörð, B.S. í stærðfræði frá H.Í.

Kristinn Hrafn Þórarinsson, B.S. í stærðfræði frá H.Í.

Matthías Páll Gissurarson, B.S. í stærðfræði frá H.Í.

Tandri Gauksson, B.S. í stærðfræði frá H.Í.

Þórdís Stella Þorsteins, B.S. í stærðfræði frá H.Í.

Alþjóðasamskipti

Félagið er aðili að Evrópska stærðfræðifélaginu og Alþjóðasambandi stærðfræðinga og greiðir gjöld til þeirra.

Ragnar Sigurðsson er fulltrúi í stjórn Mittag-Leffler stofnunarinnar, sem félagið styrkir með árlegu fjárframlagi.

Undanfarin ár hefur Robert Magnus setið í ritstjórn stærðfræðitímaritsins *Mathematica Scandinavica* sem fulltrúi félagsins. Hann hefur nú hætt setu þar og Ragnar Sigurðsson komið í hans stað.

Kristín Bjarnadóttir er fulltrúi félagsins í International Commission on Mathematical Instruction.

Undanfarin ár hefur Ragnar Sigurðsson setið í ritstjórn stærðfræðitímaritsins *Nordmat* (Nordisk matematisk tidsskrift) sem fulltrúi félagsins. Hann hefur nú hætt setu þar og Sigurður Örn Stefánsson kemur í hans stað.

Tímarit og fréttabréf

Útgáfustarfsemi félagsins hefur verið með daufasta móti þetta árið (sem og árin á undan). Ekki hefur enn tekist að endurreisa hið gamalkunna fréttabréf félagsins þó hugmyndir hafi komið fram um vefútgáfu þess. Engar bækur hafa heldur verið gefnar út á vegum félagsins undanfarin ár. Félagið er aðili að útgáfu RAUST, tímarits um raunvísindi og stærðfræði, en ekkert tölublað hefur komið út undanfarin þrjú ár. Fulltrúi félagsins í ritstjórn tímaritsins er Stefán Ingi Valdimarsson.

Fyrir hönd stjórnar,
Jón Ingólfur Magnússon